

AUGLÝSING

um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samræmi við þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, í samræmi við lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingu landsvæða og með samþykki sveitarstjórna Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og forsætisráðuneytis ákveðið að friðlýsa Kerlingarfjöll og nærliggjandi svæði sem landslagsverndarsvæði í samræmi við 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Kerlingarfjöll eru fjallabálgur skammt suðvestur af Hofsjökli. Svæðið er að hluta óbyggt víðerni sem einkennist af stórbrotnu og litríku landslagi. Mikil líparitfjöll einkenna svæðið ásamt lægri móbergsfjöllum. Nokkur líparitfjallanna eru líparitstapar sem eru fágætir á heimsvísu. Kerlingarfjöll eru megineldstöð með tveimur öskjum sem skarast ekki. Allmikið háhitasvæði er í Kerlingarfjöllum og skiptist það í þrjú meginsvæði; Hverabotn, Hveradali og Efri-Hveradali. Í Hverabotni er öflugur hver í lækjargili þar sem hiti hefur mælst 145-150°C sem er hæsta skráða hitamæling í hver á Íslandi. Mikil samfelld ummyndun í berg- og jarðgrunni einkennir hverasvæðin, en algengustu hverirnir eru gufuaugu, gufuhverir, soðpönnur og leirhverir. Gera má ráð fyrir að í hverunum þrífist sérstætt lífríki hveraörvera.

Innan verndarsvæðisins eru menningarminjar sem vitna um mannvistir á svæðinu fyrir á tímum.

Verndargildi svæðisins í Kerlingarfjöllum byggir fyrst og fremst á jarðfræðilegri sérstöðu og fágæti og sérstöku og fögru landslagi. Á svæðinu eru einnig mikil tækifæri til útivistar og sjálfbærrar ferðamennsku.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro, 1992).

Hið friðlýsta svæði er 367 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðminjar, landslag, óbyggðir og ásýnd í samræmi við 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndunin nær til fágætra jarðmyndana, megineldstöðvar, landlagsheilda, lífríkis og menningarminja. Með vernduninni skal tryggt að ekki sé gengið á auðlindir svæðisins og nýting innan verndarsvæðisins skal ekki spilla jarðminjum, landslagi og ásýnd þess.

Með friðlýsingu svæðisins er stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þess. Friðlýsingunni er ætlað að efla Kerlingarfjöll sem útivistarsvæði og stuðla að góðri umgengni og bættu aðgengi að svæðinu. Stefnt skal að því að fyrst og fremst verði notuð vélknúin farartæki sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum innan verndarsvæðisins.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

Innan verndarsvæðisins eru skilgreind tvö svæði með sérreglum. Svæðaskiptinguna má sjá á korti í viðauka I. Svæði I nær til svæðis í Ásgarði og nágrenni sem ætlað er til

uppbyggingar og innviða í tengslum við móttöku ferðamanna í Kerlingarfjöllum. Svæði II nær yfir hverasvæði í Hverabotni, Efri- og Neðri Hveradölum og svæði í kringum drangann Kerlingu sem Kerlingarfjöll draga nafn sitt af. Svæði II eru svæði sem vernda þarf sérstaklega vegna viðkvæmni, sérstöðu eða af öryggissjónarmiðum.

4. gr.

Umsjón

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013. Með stofnuninni starfar samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skal hver aðili skipa einn fulltrúa. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skal vera formaður nefndarinnar. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Skal samstarfsnefndin funda minnst einu sinni á ári.

Hlutverk samstarfsnefndar er að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir verndarsvæðið, gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum, og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið í samstarfi við samstarfsnefnd og í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra.

6. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands á náttúrufari og menningarminjum verndarsvæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Rannsóknir á hveraörverum er auk þess háðar leyfi Orkustofnunar sbr. 34. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

7. gr.

Fræðsla

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp, mun koma upp skiltum innan svæðisins og hefur frumkvæði að fræðslu um svæðið. Í fræðsluefni skal upplýst um svæðaskiptingu verndarsvæðisins og mismunandi umgengisreglur sem þar gilda. Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

8. gr.

Verndun landslags

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags Kerlingarfjalla og svæðisins í heild. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands.

9. gr.

Verndun jarðminja

Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, þ.m.t. áletranir hverskonar, nema með sérstöku leyfi skv. 12. gr.

Óheimilt er að hlaða nýjar vörður innan svæðisins nema með leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn Minjastofnunar Íslands.

Óheimilt er að raska hverum og öðrum uppsprettum á svæðinu.

10. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Fjarlægja skal framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Nánar skal fjallað um framandi lífverur í stjórnunar- og verndaráætlun.

Óheimilt er að hafa áhrif á lífríki sem tengist hverum og öðrum heitum uppsprettum nema með leyfi skv. 6. gr.

11. gr.

Verndun menningarminja

Óheimilt er að hrófla við menningarminjum á verndarsvæðinu. Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þ.m.t. notkun á tækjum til framkvæmda. Einnig þarf leyfi viðkomandi sveitarfélags til framkvæmda sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki og lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.

Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því að verndarsvæðið sé eins sjálfbært og kostur er, að framkvæmdir séu afturkræfar og að mannvirki falli vel að landslagi.

Orkuvinnsla sem fellur undir lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er óheimil innan verndarsvæðisins. Rekstrar- og umsjónaraðilum er aðeins heimilt að nýta orku á svæðinu til nýtingar fyrir þá starfsemi sem leyfileg er samkvæmt gildandi deiliskipulagi og í samræmi við samþykkt byggingar- og framkvæmdaleyfi svo fremi að gangi ekki gegn friðlýsingu og verndargildi og að fengnum leyfum sbr. 1. mgr. Öll orkuvinnsla skal vera sjálfbær og hafa ekki afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins. Með sjálfbærri orkuvinnslu er átt við að notaðar séu endurnýjanlegar orkuauðlindir, að ekki sé gengið á orkuforða þeirra auðlinda sem á svæðinu eru og möguleikar komandi kynslóða á nýtingu auðlindanna séu ekki skertir. Óheimilt er að flytja orku sem unnin er innan verndarsvæðisins til notkunar utan þess.

Sveitarfélögum á svæðinu er heimilt að gera samning við rekstraraðila um nýtingu svæðisins í samræmi við 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlands, þjóðlendna og afrétta.

Efnistaka er heimil þar sem efnistökusvæði eru skipulögð í staðfestu aðalskipulagi. Efnistaka er heimil úr Ásgarðsá með því skilyrði að unnt sé að leiða líkum að því að ummerki efnistökkunnar séu horfin að tveimur árum liðnum. Efni úr námum innan verndarsvæðisins má einungis nota innan verndarsvæðisins og í vegi og slóða sem tengjast því.

Heimilt er að halda við mannvirkjum, s.s. skálum, vegum og göngubrúum, sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Nánar skal fjallað um viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

Réttur bænda til nýtingar afréttar til beitar og smölunar helst óbreyttur.

Sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun á svæði I

Á svæði I er gert ráð fyrir uppbyggingu innviða og þjónustu í tengslum við móttöku ferðamanna. Leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps þarf til framkvæmda á svæði I, sbr. 1. mgr. Heimildir til framkvæmda í samræmi við samþykkt deiliskipulag á svæðinu halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar en þess skal gæta að frágangur að framkvæmdum loknum sé ætíð til fyrirmyndar.

Sérreglur um mannvirkjagerð og landnotkun á svæði II

Á svæði II í Hveradölum er aðeins heimilt að leggja gönguleiðir og reisa mannvirki í tengslum við þær, s.s. göngubrýr og útsýnispalla að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og Hrunamannahrepps sbr. 1. mgr. Aðrar framkvæmdir eru óheimilar. Við veitingu leyfis skal setja skilyrði um að mannvirki skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að svipmóti lands.

14. gr.

Starfsemi innan svæðisins

Öll starfsemi innan svæðisins skal rekin á grundvelli sjálfbærni. Rekstraraðilar skulu uppfylla og undirrita samkomulag við Umhverfisstofnun um rekstur á friðlýstum svæðum með það að markmiði að starfsemi hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Nánar skal fjallað um starfsemi innan svæðisins í stjórnunar- og verndaráætlun.

Öll kvikmyndagerð, auglýsingagerð og önnur slík starfsemi innan verndarsvæðisins er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

15. gr.

Umferð um verndarsvæðið

Almenningi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess.

Umferð vélknúinna ökutækja er heimil á merktum vegum og slóðum sbr. kort í viðauka I. Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á snævi þakinni jörð utan vega svo fremi sem jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum. Við eftirleitir er bændum heimilt að aka utan vega til að sækja sauðfé inn á miðhálandið á léttum vélknúnum ökutækjum, svo sem fjórhólum, enda verði þeim gripum ekki náð með öðru móti og ekki talin hætt á náttúruspjöllum. Einnig er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við

landgræðslu og heftingu landbrots, vegalagnir, línulagnir og lagningu annarra veitukerfa, björgunarstörf, lögreglustörf, sjúkraflutninga, rannsóknir, landmælingar og landbúnað, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 31. mgr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka ákveðnum svæðum í verndarskyni í samræmi við 25. gr. og 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Á þeim svæðum þar sem heimilt er að nota vélknúin ökutæki skal leitast við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og kostur er. Við skipulag á svæðinu skal gera ráð fyrir aðstöðu sem hvetur til notkunar farartækja er nota vistvæna orkugjafa. Stefnt skal að því að fyrst og fremst verði notuð vélknúin farartæki sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum innan verndarsvæðisins. Nánar skal fjallað um notkun vélknúinna farartækja í stjórnunar- og verndaráætlun.

Fólki sem ferðast fótgangandi með allan sinn farangur er heimilt að tjalda hefðbundnum göngutjöldum til einnar nætur í að lágmarki 100 metra fjarlægð frá gönguleið. Hópar göngumanna þar sem eru 5 tjöld eða fleiri þurfa leyfi Umhverfisstofnunar til tjöldunar. Við tjöldun utan skipulagðra tjaldsvæða skal þess gætt að ekki sé valdið skemmdum á náttúru. Aðeins er heimilt að skilja eftir sorp og annan úrgang á þar til gerðum stöðum á svæði I sbr. 16. gr. Sérstakar reglur gilda um tjöldun á svæðum I og II.

Ríðandi mönnum er aðeins heimil för um svæðið á merktum reiðleiðum, vegum og slóðum. Hrossabeit er óheimil utan áningarhólfa. Notkun hesta við smölun er heimil sbr. 12. gr.

Óheimilt er að vera með lausa hunda á verndarsvæðinu, að undanskildum smala- og blindrahundum.

Hefðbundinn réttur bænda til smölunar sauðfjár helst eins og verið hefur. Um umferð vélknúinna ökutækja vegna smölunar fer skv. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

Heimilt er að fara á reiðhjólum um verndarsvæðið en fylgja skal vegum eða slóðum, sbr. kort í viðauka I, svo að ekki hljóti af náttúruspjöll. Umferð reiðhjóla er óheimil á stígum sem einungis eru ætlaðir sem göngustígar.

Um umferð loftfara fer skv. almennum reglum þar um. Heimilt er að setja ítarlegri reglur um umferð loftfara í stjórnunar- og verndaráætlun.

Umferð um svæði I

Á svæði I er óheimilt að tjalda utan merktra tjaldsvæða.

Umferð um svæði II

Á svæði II gilda ekki ákvæði um undanþágur frá akstri utan vega skv. 5. mgr. nema hvað varðar björgunarstörf. Einungis er heimilt að aka léttum vinnutækjum utan vega vegna göngustígagerðar og viðhalds gönguleiða. Afmá skal öll ummerki um umferð vinnutækja að framkvæmdum loknum.

Gangandi vegfarendur skulu fylgja merktum stígum í hvívetna.

Á svæði II er óheimilt að tjalda.

16. gr.

Umgengni um verndarsvæðið

Óheimilt er að skilja eftir eða urða rusl eða annan úrgang innan verndarsvæðisins á öðrum stöðum en þar til gerðum stöðum á svæði I. Rusl skal flokkað eins mikið og kostur er. Nánari markmið um stjórnun fráveitu- og úrgangsmála skal setja í stjórnunar- og verndaráætlun.

17. gr.

Veiði og notkun skotvopna

Veiðar eru heimilar á svæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Nánar skal fjallað um veiðar á verndarsvæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun.

Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir greni og veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

Stefnt skal að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun. Halda skal skrá yfir veidd dýr og skila til Umhverfisstofnunar.

Viðauki I – kort og hnitaskrá



 <p>MMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is</p>	<p>Kerlingarfjöll landslagsverndarsvæði</p>	<p>— Vegir með vegnr.</p> <p>— Vegir gerð F1</p> <p>— Vegir gerð F2</p> <p>— Vegir gerð F3</p>	<p>— Mörk sveitarfélaga</p> <p>— Mörk vemdarsvæðis</p> <p>— Svæði 1</p> <p>— Svæði 2</p>	<p>N</p> <p>Blað nr. ust2016</p>	<p>Flatarmál vemdarsvæðis: 367 km²</p> <p>Kortavörpun: Lambert kellingörpun</p> <p>Hnitstæða: ISN93</p> <p>Kortagerð: Guðni Hannesson LMI</p> <p>Dags: 23-05-2016</p> <p>© Landmælingar Íslands</p>

Hnitaskrá - Mörk landslagsverndarsvæðis í Kerlingarfjöllum 1/2

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	496077,37	467154,97	49	496067,40	450770,73	97	475661,58	457512,26
2	496004,72	467094,43	50	495834,56	450821,00	98	475465,82	457540,73
3	495832,19	467061,13	51	495728,73	450760,14	99	475329,16	457782,19
4	495838,24	466988,49	52	495678,46	450601,39	100	475070,14	457919,79
5	495889,70	466952,16	53	495613,64	450525,99	101	475029,67	458194,99
6	496031,97	466934,00	54	495277,62	450369,88	102	474973,01	458356,88
7	496380,07	466731,20	55	495084,47	450409,57	103	474827,32	458462,10
8	496398,23	466604,06	56	494997,16	450248,18	104	474746,37	458753,50
9	496522,33	466594,98	57	494814,59	450166,15	105	474608,77	458858,72
10	496643,41	466664,60	58	494780,20	449930,67	106	474519,73	458996,33
11	496979,40	466367,96	59	494708,76	449793,09	107	474463,07	459247,25
12	496991,51	466268,07	60	494430,95	449713,72	108	474471,17	459433,42
13	497049,02	466210,56	61	494338,34	449504,69	109	474568,30	459506,26
14	497639,28	465944,19	62	494251,03	449404,15	110	474584,49	459587,21
15	497866,30	465777,70	63	494073,76	449295,67	111	474438,79	460040,48
16	497954,09	465593,06	64	493969,47	449276,97	112	474301,19	460202,37
17	498038,84	465565,82	65	493919,34	449181,71	113	474236,43	460356,16
18	498102,41	465665,71	66	493629,26	448983,46	114	474098,83	460445,20
19	498296,13	465614,25	67	493430,82	448665,96	115	473936,95	460655,65
20	498486,83	465692,95	68	493406,25	448486,58	116	473878,99	460808,19
21	498660,17	465612,82	69	493105,70	448359,66	117	474185,56	460903,03
22	498819,80	465475,01	70	493152,59	448075,55	118	474324,04	460978,05
23	498989,31	465438,68	71	493119,43	448011,75	119	474364,62	461095,86
24	496447,29	455247,42	72	493046,19	447984,28	120	474344,08	461391,07
25	495632,79	454081,87	73	492849,34	448084,99	121	474480,40	461764,34
26	495464,94	453926,42	74	492755,32	448178,65	122	474542,69	462142,60
27	495449,07	453853,39	75	492629,61	448208,59	123	474716,63	462448,44
28	495496,69	453745,44	76	492462,38	448181,44	124	474936,79	462959,49
29	495633,22	453650,19	77	491123,86	448336,49	125	475158,79	463277,06
30	495614,17	453485,09	78	489144,78	448706,91	126	475234,47	463491,94
31	495712,59	453351,74	79	488488,61	448696,32	127	475272,83	463783,51
32	495894,33	453211,96	80	487006,94	449183,16	128	475518,82	464105,62
33	495864,99	453053,29	81	481789,35	448918,57	129	475642,00	464398,49
34	495922,14	452958,04	82	478381,51	448590,49	130	475843,94	464721,56
35	495972,94	452735,79	83	478148,67	448653,99	131	475902,56	464901,35
36	495950,72	452462,74	84	477810,00	448886,82	132	476156,42	465079,15
37	496039,62	452383,37	85	477661,84	449109,07	133	476366,97	465305,60
38	496103,12	452373,84	86	477640,67	449341,91	134	476692,40	465346,16
39	496125,34	452297,64	87	477643,01	450342,11	135	476883,27	465505,35
40	496220,59	452265,89	88	477894,67	452125,33	136	477034,69	465572,02
41	496493,64	451824,57	89	478074,59	453109,58	137	477198,71	465733,67
42	496499,99	451722,97	90	478085,17	454231,42	138	477214,92	465895,18
43	496588,89	451640,42	91	477947,59	455109,84	139	477287,11	466016,79
44	496566,67	451561,04	92	477513,67	455903,59	140	477429,29	466091,76
45	496588,89	451430,86	93	477206,75	456612,67	141	477547,69	466003,36
46	496488,09	451291,96	94	476836,34	457088,92	142	477685,17	465996,31
47	496490,73	451125,27	95	476751,67	457406,42	143	477950,51	466146,75
48	496197,04	450850,10	96	476032,00	457649,84	144	477997,66	466232,72

Hnitaskrá - Mörk landslagsverndarsvæðis í Kerlingarfjöllum 2/2

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
145	478053,13	466528,00	180	482222,34	465521,88	215	489613,96	466969,76
146	478207,90	466650,20	181	482209,76	465419,51	216	490161,01	467114,99
147	478178,17	466817,97	182	482274,05	465334,95	217	490475,66	467014,24
148	478491,83	467109,66	183	482609,26	465151,53	218	490554,82	467023,69
149	478818,81	467636,60	184	482661,08	465165,46	219	490803,93	467237,40
150	478968,31	467690,58	185	482813,92	465321,02	220	490846,03	467312,32
151	479223,49	467676,50	186	483004,42	465288,53	221	491017,63	467362,45
152	479265,73	467598,62	187	483247,48	465441,24	222	491250,38	467220,43
153	479282,09	467261,25	188	483442,66	465410,04	223	491361,45	467088,60
154	479624,77	466843,73	189	483562,22	465459,62	224	491428,73	467062,91
155	479619,46	466675,57	190	483697,19	465557,04	225	491540,02	467103,91
156	479682,96	466540,19	191	483788,42	465577,97	226	491818,28	467456,53
157	479680,80	466254,22	192	484085,67	465835,48	227	491863,75	467486,52
158	479725,53	466162,24	193	484198,34	465831,93	228	491992,19	467490,32
159	479814,71	466118,09	194	484308,30	465742,59	229	492126,89	467427,49
160	479922,93	466125,78	195	484453,46	465709,48	230	492308,08	467277,26
161	480037,91	466192,10	196	484641,12	465817,94	231	492461,27	467048,36
162	480118,35	466324,56	197	484755,45	465815,93	232	492745,34	466987,05
163	480250,09	466386,05	198	484919,25	465720,19	233	492909,59	467007,29
164	480338,63	466660,76	199	485002,80	465498,29	234	493230,34	467171,86
165	480328,49	466792,98	200	485083,57	465387,66	235	493272,45	467183,78
166	480355,59	466846,06	201	485290,17	465392,35	236	493357,47	467141,42
167	480593,89	466945,01	202	485495,12	465341,34	237	496066,25	468765,70
168	480677,95	467041,50	203	485691,31	465465,14	238	496265,04	468447,48
169	480802,96	467076,62	204	485998,11	465789,10	239	496352,82	468159,92
170	480995,95	467051,50	205	486355,80	466084,63	240	496495,09	467926,85
171	481105,03	466982,89	206	486566,17	466169,23	241	496498,12	467826,96
172	481300,03	466689,25	207	487122,21	466508,78	242	496563,46	467701,76
173	481832,58	466326,06	208	487356,06	466578,61	243	496516,28	467542,42
174	482066,54	466037,46	209	487514,70	466559,13	244	496274,12	467433,45
175	482141,70	465888,51	210	488094,19	466265,75	245	496089,48	467239,73
176	482187,64	465853,08	211	488809,55	466221,31	246	496077,37	467154,97
177	482389,32	465829,58	212	489368,77	466478,15			
178	482411,87	465803,96	213	489583,39	466746,93			
179	482400,08	465726,48	214	489570,08	466942,47			

Hnitaskrá - Svæðaskipting landslagsverndarsvæðis í Kerlingarfjöllum

Punktur	X	Y	Punktur	X	Y	Punktur	X	Y
1	481691,49	459598,79	27	487629,89	458961,48	53	487629,89	458961,48
2	481633,84	459551,62	28	487435,16	458897,98	54	485753,05	464844,86
3	481450,39	459598,79	29	487270,06	458919,15	55	485807,82	464660,71
4	481413,70	459682,65	30	487130,36	459012,28	56	485724,47	464616,26
5	481450,39	459824,16	31	486757,82	459126,58	57	485675,26	464234,46
6	481639,08	459913,27	32	486558,85	459266,28	58	485546,67	464333,68
7	481717,70	459839,89	33	486503,82	459414,45	59	485566,52	464467,83
8	481733,42	459729,82	34	486546,15	459842,02	60	485483,17	464533,71
9	481691,49	459598,79	35	486499,59	460040,98	61	485315,69	464634,52
10	485218,47	458637,08	36	486199,02	460176,45	62	485226,00	464651,98
11	484760,40	458615,27	37	485940,79	460375,42	63	485063,28	464812,32
12	484375,04	458920,65	38	485877,29	460519,35	64	484967,24	464812,32
13	484338,68	459407,80	39	486042,39	460595,55	65	484858,49	464904,39
14	484411,39	459531,41	40	486300,62	460815,68	66	484756,10	464915,50
15	484622,25	459618,66	41	486326,02	460887,65	67	484695,77	465009,96
16	484840,38	459996,75	42	486296,39	461014,65	68	484818,01	465063,14
17	484942,17	459989,48	43	486707,02	460866,48	69	484822,77	465107,59
18	485014,88	459924,04	44	486876,35	460697,15	70	484877,54	465152,04
19	485291,18	459655,01	45	486952,56	460316,15	71	485011,79	465177,43
20	485363,89	459509,60	46	486965,26	459782,75	72	485296,76	465391,30
21	485458,41	459415,07	47	487037,22	459604,95	73	485499,52	465343,28
22	485552,93	459124,24	48	487147,29	459448,31	74	485628,62	465136,31
23	485567,47	458920,65	49	487435,16	459405,98	75	485600,35	465082,33
24	485552,93	458811,58	50	487735,72	459317,08	76	485626,05	464961,54
25	485451,14	458695,25	51	487811,92	459223,95	77	485582,36	464910,13
26	485218,47	458637,08	52	487790,76	459063,08	78	485753,05	464844,86